

**3206. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
30. mars 2017 og hófst hann kl. 08:15**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg P. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir varaáheyrnarfulltrúi, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1701009 - Fundargerðir 2017 - menningar- og safnanefnd**

39. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 21. mars 2017.

*Lögð fram.*

**2. 1611174 - Barnavernd Akraneskaupstaðar lykiltölur 2016**

Erindi velferðar- og mannréttindaráðs um greiningu á stöðu barnaverndar Akraneskaupstaðar. Ráðið til við bæjarráð að heimild verði veitt fyrir nýju 100% stöðugildi á velferðar-og mannréttindasviði.

Svala Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindarsviðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir tillögu velferðar- og mannréttindaráðs og veitir heimild fyrir nýju stöðugildi á velverðar- og mannréttindasviði með áherslu á barnavernd.*

*Bæjarráð þakkar fyrir ítarlega og góða greinargerð sem unnin var í málinu.*

*Útgjöldunum, að fjárhæð að hámarki um 10 mkr., verður mætt með samsvarandi lækkun rekstrarafgangs í Aðalsjóði sem áætlaður er um 179,4 mkr. (um 164,8 mkr. í samstæðu). Endanlegt samþykkt útgjaldanna verði útfærð í viðauka sbr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.*

**3. 1612109 - Bakvaktir barnaverndar**

Erindi velferðar- og mannréttindaráðs um bakvaktir starfsmanna Akraneskaupstaðar vegna barnaverndarmála.

Svala Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindarsviðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir og veitir heimild fyrir að gerður verði nýr samningur um fyrirkomulag bakvakta vegna barnaverndarmála.*

*Útgjöldunum, að fjárhæð að hámarki um 1,1 mkr. verði mætt af liðnum 20830-4995.*

**4. 1702057 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2017**

204. mál um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun.

*Lagt fram.*

**5. 1703140 - Orkuveita Reykjavíkur - Innleiðing rafvæðingar í samgöngum**

Bókun 242. fundar stjórnar OR, vegna innleiðingar rafvæðingar í samgöngum.

*Lögð fram.*

**6. 1703139 - Brú Lífeyrissjóður - breyting á A deild**

Tilkynning frá Brú lífeyrissjóð um breytingar á A deild sjóðsins vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

*Lagt fram.*

**7. 1703101 - Suðurgata 57 - leiga á húsnæði vegna listsköpunar og verslunar**

Húsnæðismál listamanna á Akranesi. Hjálögð er bókun menningar- og safnanefndar frá 23. mars sl. um erindi Eddu Agnarsdóttur og fleiri listamanna dags. 12. mars.

*Húsnæðið sem óskað er eftir er ekki laust til útleigu og eins og er hefur Akraneskaupstaður ekki til umráða húsnæði sem hentar fyrir vinnustofur.*

**8. 1609101 - Nýr golfskáli - félags- og frístundaaðstaða við Garðavöll**

Erindi frá golfklúbbnum Leyni til bæjarráðs þar sem óskað er eftir samstarfi um framkvæmdasamning.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirbúa gerð framkvæmdasamnings milli Akraneskaupstaðar og Golfklúbbsins Leynis um byggingu nýs golfskála.*

**9. 1703127 - FEBAN - húsnæðismál eldri borgara**

Erindi frá FEBAN dags. 16. mars sem varðar samþykktir stjórnar félagsins frá 2. mars síðastliðnum.

Félagið vill sérstaklega vekja athygli bæjarráðs á samþykkt stjórnarinnar varðandi húsnæðismál tengd starfsemi FEBAN.

*Lagt fram til kynningar.*

**10. 1703112 - Guðlaug - Framkvæmdasjóður ferðamannastaða**

Erindi skipulags- og umhverfisráðs vegna styrks úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fyrir Guðlaugu.

*Bæjarráð fagnar styrkveitingu úr Framkvæmdajóði ferðamannastaða.*

*Bæjarráð felur skipulags- og umhverfisráði að gera tillögu að breytingu á fjárfestinga- og framkvæmdáætlun 2017 þannig að framkvæmdin rúmist innan fjárheimilda.*

*Bæjarráð telur mikilvægt að unnin sé rekstraráætlun í tengslum við verkefnið sem verði lögð fram samhliða tillögu um útfærslu á breytingu á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun.*

**11. 1611077 - Framtíðaruppbygging íþróttamanvirkja - fimleikahús á Akranesi**

Athugasemdir íbúa við fyrirhugaðri byggingu á fimleikahúsi við Vesturgötu.


Bæjarráð tekur fram að lögformlegt skipulagsferli er ekki hafið en þar gefst hagsmunaaðilum og öðrum tækifæri að til að skila inn athugasemdum.

**12. 1703143 - Seljuskógar 1,3,5 - Umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Trjástofninn ehf. um byggingarlóð við Seljuskóga 1, 3 og 5.

Bæjarráð samþykkir úthlutun til umsækjanda.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:45.

  
The image shows several handwritten signatures in blue ink. At the top left is a large signature that appears to read 'Ólafur Ólafsson'. Below it, a smaller signature reads 'Sam fræs kin'. To the right of these, the text 'Signin Inga Guðnadóttir' is written. Below these, there are two more signatures: one that looks like 'Rauður Óskarsdóttir' and another that appears to be 'Jónas Valdimarsdóttir'. Further down, there is a signature that looks like 'Vilborg P. Guðthjártsdóttir' and at the bottom, a signature that looks like 'Einar Helgason'.